

Skólaráðsfundur 6. nóv 2019

Mættir: Sigrún formaður foreldrafélags, Sonja varamaður Andreu sem er fjarverandi, Ragnhildur fulltrúi kennara, Linda fulltrúi annarra starfsmanna, Helga fulltrúi leikskólabarna, Viktor Máni og Erla Dís fulltrúi nemenda og Magnús fulltrúi íbúasamtaka, Krístrún áheyrnarfulltrúi, Hildur skólastjóri, Helena aðstoðarskólastjóri

Rætt um öryggismálin og stöðuna á því. Miklar áhyggjur af umferðaöryggi. Fundur í samgöngustofu fyrir stuttu vegna öryggis í umferð á gönguleiðum í skólann. Mögulega verður Úlfarsárdalur í tilraunaverkefni með Led gönguljós á gangbrautum. Á morgun 7. nóv verður fundur vegna málsins í Dalskóla.

Rætt um starfsáætlun Dalskóla sem búið er að vinna og skila til sviðsins. Óskað eftir að skólaráðið kynni sér áætlunina vel svo hægt sé að samþykkja.

Hugmyndir um hvernig er hægt að blása lífi í Jákvæðan aga, kynna fyrir foreldrum. Farið lítillega yfir út á hvað Jákvæður agi gengur. Rætt um mismunandi stefnur PBS og Uppeldi til ábyrgðar.

Foreldrar hafa áhyggjur af því að nemendur séu að fara úr skólanum yfir í aðra skóla vegna skorts á vinnufrið. Einnig eru nemendur í Dalskóla sem eiga skólavist í öðrum hverfum en hafa valið að vera í Dalskóla.

Rætt um agamál og eineltismál. Hvaða ferla er verið að nota.

Dalskóli hefur verið valinn sem þekkingarskóli í Leiðsagnarnámi. Mikið litið til Dalskóla faglega. Starfendarannsóknir vekja athygli í fræðasamfélaginu. Mikið litið til skólans.